

Fundargerð 389. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2016, föstudaginn 11. nóvember kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðmundur M Kristjánsson, Ólafur Þór Snorrason, Sigrún Árnadóttir, Steinþór Pétursson, Björn Arnaldsson og Lúðvík Geirsson. Guðný Sverrisdóttir sat einnig allan fundinn en hún var í símasambandi fyrir hluta fundarins.

Ásthildur Sturludóttir og Ásta Pálmadóttir boðuðu forföll.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2016 - 1601002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 387. fundar frá 12. október sl.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Stjórn Hafnasambands Íslands 2016-2018 - 1610003HA

Kosning varaformanns og gjaldkera kjörtímabilið 2016-2018.

Að tillögu formanns voru Guðný Sverrisdóttir kjörin varaformaður og Steinþór Pétursson gjaldkeri.

3. Starfsnefndir 2016-2018 - 1610002HA

Skipað í starfsnefndir 2016-2018.

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögur að skipan starfsnefnda 2016-2018, sem samþykktar voru samhljóða.

Í umhverfis- og öryggisnefnd voru kjörin:

Björn Arnaldsson, Höfnum Snæfellsbæjar, formaður,

Hallur Árnason, Faxaflóahafnir,

Hjörtur Jónsson, Þorlákshöfn,

Sigrún Árnadóttir, Sandgerðishöfn og

Steinþór Pétursson, Fjarðabyggðahafnir.

Nefndin fylgist með og fjallar um málefni hafna á sviði umhverfis og öryggismála. Í því felst m.a. að hafa á hendi almenn samskipti við viðeigandi stofnanir varðandi mengunarvarnir, öryggisreglur og reglur sem varða hafnir varðandi umhverfismála o.fl. Nefndin fjallar að öðru leyti um öryggis- og umhverfismál hafna eftir því sem tilefni er til hverju sinni.

Í fræðslunefnd voru kjörin:
Lúðvík Geirsson, Hafnarfjarðarhafnir, formaður,
Guðný Sverrisdóttir, Hafnasamlag Norðurlands og
Guðmundur Kristjánsson, Hafnir Ísafjarðarbæjar.

Nefndin fjallar um ýmis fræðslumál sem tengjast rekstri hafna s.s. endurmenntun vegna vigtarmála, gerir tillögu að námskeiðum sem áhugaverð kunna að vera fyrir hafnir, fylgist með framboði námskeiða og funda sem áhugaverðir kunna að vera fyrir starfsfólk hafna og annast undirbúning og framkvæmd hafnafundar haustið 2017 og hafnasambandsþings 2018.

4. Hafnasambandsþing 2016 - 1605002HA

Lögð fram fundargerð hafnasambandsþings sem haldið var 13.-14. október sl.

Til kynningar. Stjórnarmönnum falið að rýna vel í fundargerðina og senda athugasemdir ef einhverjar eru á framkvæmdastjóra hafnasambandsins. Að því loknu verður fundargerðin send út á aðildarhafnir.

5. Ályktun um eftirlitsgjöld - 1605002HA

Lögð fram ályktun 40. hafnasambandsþings um eftirlitsgjöld ríkisstofnanna.

Samþykkt að senda ályktunina á Umhverfisstofnun, Neytendastofu, innanríkisráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

6. Ályktun um fiskeldi í sjó - 1605002HA

Lögð fram ályktun 40. hafnasambandsþings um fiskeldi í sjó.

Samþykkt að senda ályktunina á Umhverfisstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Steinþóri falið að taka saman upplýsingar um gildistíma starfsleyfa og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

7. Ályktun um löndunarbann - 1605002HA

Lögð fram ályktun 40. hafnasambandsþings um endurskoðun á löndunarbanni á erlend fiskiskip.

Samþykkt að senda ályktunina á atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, atvinnuveganefnd Alþingis og utanríkismálanefnd Alþingis.

8. Ályktun um viðurlög vigtarmanna - 1605002HA

Lögð fram ályktun 40. hafnasambandsþings um endurskoðun á ábyrgð og viðurlögum vigtarmanna.

Samþykkt að senda ályktunina á atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Fiskistofu.

9. Ályktun um gjaldskrá hafna - 1605002HA

Lögð fram ályktun 40. hafnasambandsþings um gjaldskrá hafna.

Samþykkt að fresta afgreiðslu til næsta fundar.

10. Ályktun um fjarvigtun - 1605002HA

Lögð fram ályktun 40. hafnasambandsþings um fjarvigtun.

Samþykkt að senda ályktunina á atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Fiskistofu og Neytendastofu. Birni falið að skoða hvaða laga- og reglugerðarbreytingar þarf að gera svo hægt sé að heimila fjarvigtun. Stefnt að því að óska eftir fundi með ráðuneytinu, Fiskistofu og Neytendastofu í byrjun næsta árs til að ræða málið.

11. Ályktun um fjárhagsstöðu hafna - 1605002HA

Lögð fram ályktun 40. hafnasambandsþings um sérstaka endurskoðun á fjárhagsstöðu verst settu hafnanna.

Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar og fela sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins að taka saman minnisblað um hvaða hafnir er að ræða og hver staða þeirra er.

12. Ályktun um fjármagn til hafnaframkvæmda - 1605002HA

Lögð fram ályktun 40. hafnasambandsþings um fjármagn til hafnaframkvæmda.

Samþykkt að senda ályktunina á innanríkisráðuneytið, umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, Vegagerðina og fjárlaganefnd Alþingis.

13. Ályktun um kynningarstarf - 1605002HA

Lögð fram ályktun 40. hafnasambandsþings um kynningarstarfsemi hafna.

Samþykkt að fresta afgreiðslu til næsta fundar.

14. Ályktun um landtengingu skipa - 1605002HA

Lögð fram ályktun 40. hafnasambandsþings um landtengingu.

Samþykkt að senda ályktunina á umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, Umhverfisstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

15. Ályktun um móttöku á sorpi - 1605002HA

Lögð fram ályktun 40. hafnasambandsþings um móttöku á sorpi.

Samþykkt að senda ályktunina á umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Umhverfisstofnun.

16. Ályktun um samgönguáætlun - 1605002HA

Lögð fram ályktun 40. hafnasambandsþings um samgönguáætlun.

Samþykkt að senda ályktunina á innanríkisráðuneytið, Vegagerðina og umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

17. Ályktun um haf- og strandsvæði - 1605002HA

Lögð fram ályktun 40. hafnasambandsþings um skipulag haf- og strandsvæða.

Samþykkt að senda ályktunina á umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

18. Ályktun um ábyrgð sveitarfélaga á rekstri hafna - 1605002HA

Lögð fram ályktun 40. hafnasambandsþings um að endurskoða lög um ábyrgð sveitarfélaga á rekstri hafna.

Samþykkt að senda ályktunina á Samband íslenskra sveitarfélaga.

19. Ályktun um stefnumörkun - 1605002HA

Lögð fram ályktun 40. hafnasambandsþings um stefnumörkun Hafnasambands Íslands.

Starfsmanni falið að ganga frá skjalinu og senda á aðildarhafnir.

20. Ályktun um stofnun úreldingasjóðs - 1605002HA

Lögð fram ályktun 40. hafnasambandsþings um stofnun úreldingasjóðs.

Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins. Starfsmanni falið að hafa samband við aðildarhafnir og athuga með fjölda skipa í hirðuleysi 2015 og 2016. Bæði skipa sem borgað er af og þeirra sem ekki er borgað af til hafnasjóða.

21. Ályktun um umhverfismál - 1605002HA

Lögð fram ályktun 40. hafnasambandsþings um umhverfismál.

Samþykkt að senda ályktunina á aðildarhafnir.

22. Þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018 - 1610001HA

Lögð fram fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018.

Til kynningar.

23. Landsskipulagsstefna 2015-2026 - 1610007HA

Lögð fram landsskipulagsstefna 2015-2026.

Til kynningar.

24. Sóttvarnaáætlun hafna og skipa - óskað umsagnar - 1610006HA

Lögð fram drög að sóttvarnaráætlun hafna og skipa.

Til kynningar.

25. Reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi - 1611001HA

Lögð fram drög að reglugerð um varnir gegn olíumengun.

Birni Arnaldssyni falið að útbúa drög að umsögn og senda á stjórnina.

26. Hafnafundur 2017 - 1610005HA

Rætt um dagsetningu hafnafundar árið 2017 en hann verður haldinn á Húsavík.

Samþykkt að halda næsta hafnafund 21. september 2017 á Húsavík.

27. Hafnasambandsþing 2018 - 1610004HA

Rætt um dagsetningu fyrir hafnasambandsþing árið 2018 en það verður haldið í Reykjavík.

Samþykkt að halda næsta hafnasambandsþingið 25.-26. október 2018 í Reykjavík.

28. Stjórn Hafnasambands Íslands 2016-2018 - 1610003HA

Lögð fram drög að starfsáætlun stjórnar hafnasambandsins til júní 2017.

Starfsáætlun stjórnar samþykkt:

7. desember kl. 14:30, viðverufundur

20. janúar kl 11:00, símafundur

17. febrúar kl 11:00, viðverufundur

24. mars kl 11:00, símafundur

28. apríl kl 11:00, viðverufundur

22.-23. maí vorfundur

Fundi var slitið kl. 13:30

Gísli Gíslason

Guðmundur M Kristjánsson

Guðný Sverrisdóttir

Ólafur Þór Snorrason

Sigrún Árnadóttir

Steinþór Pétursson

Björn Arnaldsson

Lúðvík Geirsson

Valur Rafn Halldórsson